

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Ásgarður í Grímsnesi (2. áfangi), Giljatunga 32, 34 og 37.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sem snýr að byggingarreit þriggja lóða við Giljatungu. Byggingarreitir eru stækkaðir um 22 m til austurs. Að öðru leyti gilda skilmálar núverandi deiliskipulags með síðari breytingum.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. júní 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Ásbergir í landi Ásgarðs.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi skipulagi þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að lega gönguleiðar, sem liggur um miðju hverfisins frá austri til vesturs, verði aðlöguð betur að landinu. Vegna þessa eru settar kvaðir á sex lóðir sem göngustígurinn/leiðin fer inn á. Að öðru leyti gilda deiliskipulagsskilmálar með síðari breytingum í samþykktu skipulagi.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. júní 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Grænahlið í landi Efri-Brúar.

Breyting er gerð á deiliskipulagi að Grænuhlið sem felur í sér hliðrun á lóðum og grænum svæðum innan skipulagssvæðisins. Settar eru fram nánari kvaðir í greinargerð varðandi útlit og eðli bygginga og lóðaframkvæmda.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. ágúst 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.